

Sorpsstöð Rangárvallasýslu
Suðurlandsvegur
850 Hella

Selfoss, 4.1.2024
UST202301-254/H.M.V.
08.14.02

Efni: Fyrirvaralaust eftirlit þann 30. nóvember 2023 - Sorpsstöð Rangárvallasýslu, Strönd

Þann 30. nóvember 2023 fór fram fyrirvaralaust eftirlit í Sorpsstöð Rangárvallasýslu að Strönd. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Við eftirlit ársins 2020 komu fram **þrjú frávik sem enn eru opin** og varða urðun á lífrænum úrgangi, urðun á almennum úrgangi og geymslu úr sér genginna ökutækja utan malbikaðs plans. Hefur rekstraraðili ekki fylgt eftir úrbótum vegna þeirra frávíka, þrátt fyrir að hafa lagt fram ítrekaðar úrbótaáætlanir vegna þeirra.

Þann 28. júní 2022 sendi Umhverfisstofnun svar við úrbótaáætlun sem barst frá rekstraraðila varðandi frávik í eftirliti dagsettu þann 30. nóvember 2021, og varðar frávik frá gr. 3.7 í starfsleyfi, þ.e. urðun á lífrænum úrgangi. Árétti Umhverfisstofnun í því svari þau sjónarmið sem komu fram í úrbótaáætlun frá rekstraraðila (dagsettu þann 28. júní 2022). Var rekstraraðila bent á að óheimilt er að urða lífrænan úrgang nema að uppfylltum kröfum um mengunarvarnir. Benti Umhverfisstofnun á tvær mögulegar leiðir til úrbóta sem fælust í eftirfarandi aðgerðum: 1) urðun á lífrænum úrgangi yrði hætt eða 2) uppfylltar séu kröfur starfsleyfis um mengunarvarnir, sbr. gr. 3.2 og 3.3 í starfsleyfi, sbr. 3 kafla 1. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Með slíkum mengunarvörnum væri heimild til urðunar á allt að 800 tonnum af lífrænum úrgangi árlega í samræmi við nógildandi starfsleyfi. Afstaða var tekin til beiðni rekstraraðila um heimild á urðun á 1.000 tonnum á ári af lífrænum úrgangi (bréf frá 16. mars 2021) og þyrfti þá rekstraraðili að sækja um breytingu á starfsleyfi. Óskaði Umhverfisstofnun eftir svari um til hvaða úrbóta rekstraraðili hygðist grípa fyrir 8. september 2022. Var rekstraraðila gerð grein fyrir því, að ef ekki yrði brugðist við með svari, um úrbætur með fullnægjandi hætti, myndi stofnunin skoða það að grípa til beitingu þvingunarúrræða skv. XVII. kafla laga nr.

7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þann 7. febrúar 2023 barst Umhverfisstofnun úrbótaáætlun vegna urðunar á lífrænum úrgangi frá rekstraraðila, þar sem óskað var eftir breytingu í starfsleyfi á heimild til urðunar á lífrænum úrgangi, allt að 800 tonnum, án þess að uppfylla skilyrði um mengunarvarnir, sbr. gr. 3.2, 3.3, 3.4 og 5.2. Var þeirri beiðni hafnað af Umhverfisstofnun og rekstraraðila gerð skil á niðurstöðunni í bréfi sem sent var á rekstraraðila þann 26. október sl. Ekki hafa frekari úrbótaáætlanir borist frá rekstraraðila vegna málsins. Umhverfisstofnun mun fylgja frávikinunni eftir í öðru bréfi.

Ein ábending er lögð fram er varðar:

1. Rekstraraðila er bent á að geymsla lagars af raflínukeflum á urðunarstaðnum samræmist ekki starfsemi urðunarstaðarins og er ekki í samræmi við skipulag. Urðunarstaður er skilgreindur í 3. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Fjögur frávík komu fram er varða:

1. Gr. 2.6 í starfsleyfi og vísað í 2. mgr. Rekstraraðili skal sýna ýrtruðu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun. Niðurrif ökutækja fer fram á ómalbikuðu undirlagi og mikið af bílhlutum sem grafast í jarðveginn á staðnum.
2. Gr. 2.7 í starfsleyfi. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúefnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið. Úrgangsolúgeymir er staðsettur við akstursleið og er án árekstravarna.
3. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Geymsla spilliefna er ekki í samræmi við gr. 4.2 í starfsleyfi. Við eftirlit var töluvert af ílátum með spilliefnum, m.a. fötur, bambar o.þ.h. ásamt úrgangsolúgeymi staðsett á planinu við akstursleiðir. Þessi spilliefni voru ekki geymd í lokanlegum lekaheldum kerjum eins og starfsleyfið kveður á um.
4. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og rg. 202/2008 um úrvinnslu ökutækja. Úrvinnsla ökutækja er starfsleyfisskyld starfsemi, sbr. IV. viðauka laga 7/1998. Á móttökustöð fer fram úrvinnsla ökutækja án starfsleyfis og er ekki í samræmi við 6. gr. rg. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 25. janúar 2023.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur